# SAMKOMULAG:

Vegna kröfu Vinnumálastofnunar um stöðvun á starfsemi undirverktaka Arnarfells í dag, 6. september 2007, gera Vinnumálastofnun annars vegar og Arnarfell vegna Hunnebeck Polska og GT- verktaka hins vegar með sér eftirfarandi samkomulag:

1.gr.

Fulltrúar Vinnumálastofnunar fá nú þegar afhenta uppfærða og tæmandi lista yfir alla starfsmenn nefndra fyrirtækja og samnings- og þjónustuaðila þeirra sem nú eru að störfum á virkjanasvæði Kárahnjúkavirkjunar, Hraunaveitu.

2.gr.

Fulltrúar Vinnumálastofnunar fá afrit af öllum ráðningarsamningum nefndra starfsmanna.

3.gr.

Arnarfell mun leggja til tímaskýrslur allra umræddra starfsmanna og afla launaseðla frá umræddum þjónustuaðilum eða annarra gagna er staðfesti launagreiðslur og önnur starfskjör hlutaðeigandi starfsmanna fyrir tímabilið frá því þeir hófu störf á svæðinu. Þessi gögn munu liggja fyrir þ. 20. september nk.

4.gr.

Arnarfell ábyrgist að frá og með fyrsta starfsdagi á svæðinu verði netto laun umræddra starfsmanna eftir skatt, í engu tilviki lægri en orðið hefði skv lágmarkslaunaákvæðum virkjunarsamningsins.

Hraunaveita 06.09.07

Fyrir hönd Vinnumálastofnunar

[signature]

[signature]

Fyrir hönd Arnarfells

[signature]